

Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

Aðalfundur 20.maí 2014

Kristín Guðlaug Magnúsdóttir aðstoðarskólalastjóri kosin fundarstjóri.

Skýrsla stjórnar. Formaður fer yfir skýrslu stjórnar. Margt gert á árinu og málin rædd lítillega. M.a rætt um gæslu 10.bekkjara í frímínútum, ekki gekk nægilega vel að virkja alla í vetur en fram komu góðar hugmyndir sem ræddar hafa verið innan skólans um hvernig megi virkja nemendur betur næsta vetur. Engar athugasemdir gerðar við skýrslu stjórnar.

Gjaldkeri fjarverandi og því gerir formaður grein fyrir reikningum félagsins. Enn gengur vel að rukka félagsgjöld og því er staða félagsins nokkuð góð. Þrátt fyrir góða tilraun þá tókst ekki að eyða meiru en aflað var og því vex innistæða á bankareikningi félagsins lítillega þetta árið. Aðeins rætt um það í hvað fjármunir félagsins hafa farið síðustu ár og hvernig skynsamlegt er að ráðstafa þeim. Ýmsar umræður spunnust út frá því hvernig helst skuli ráðstafa fjármunum. Reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

Kosið í stórn félagsins. Nýjir í stjórn eru María Pálsdóttir, Rakel Þorsteinsdóttir og Karl Óskar Kristbjarnarson kallioskar@gmail.com en út úr stjórn fara Óskar Gunnarsson, Linda Björk Sigurðardóttir og Ægir Sigurðsson.

Árgjald félagsins. Samþykkt að breyta ekki árgjaldi.

Önnur mál:

Rætt um mætingar á foreldarviðburði í skólanum eins og t.d. aðalfund foreldrafélagsins, afar fáir foreldrar mæta og hugmyndir ræddar um það hvernig auka megi mætingar. T.d. mætti biðja fólk að láta vita ef það kemst ekki, eða í það minnsta að auglýsa að æskilegt væri fyrir foreldra að mæta.

Rætt um verkefni stjórnar foreldrafélags, hvernig starfið hefur gengið o.fl.

Rætt um árshátíðir í skólanum, tímasetningar o.fl. Fyrirspurn hvort hægt væri að kanna hug foreldra á ýmsum málum og m.a. tímasetningu á árshátíðum.

Rætt um ýmis mál, m.a. um hvernig virkja megi foreldra m.a. í gegnum tenglastarfið, boð í afmæli o.fl. Óvenju mikið hefur verið um vandræði vegna afmæla í vetur, þ.e. tilfelli þar sem einhver verður útundan í afmælisboðum. Rætt um notkun á facebook síðunni og hvernig best er að ná til foreldra og hvað megi setja á síðuna.

Fyrirspurn um kynningu fyrir tengla, tenglum hefur verið boðið á kynningarfund að hausti og mjög góð mæting hefur verið á þá.

Fundi slitið kl. 18.15